



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri 7. október 2015
UST201509-185/H.V.
04.04

Umsögn um þingsályktunartillögu um þjóðgarð á miðhálandinu – 10. mál

Umhverfisstofnun vísar til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 24. september 2015, þar sem umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar sbr. þingskjal 10 – 10. mál um þjóðgarð á miðhálandinu er óskað.

Í þingsályktuninni kemur fram vilji til að stofna þjóðgarð sem taki yfir allt miðhálandi Íslands og að miðhálandisþjóðgarður verði stofnaður vorið 2018.

Umhverfisstofnun telur hugmynd um stofnun þjóðgarðs á öllu miðhálandinu áhugaverða og vel þess virði að skoða nánar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horft sé til verndar hálandis Íslands og að ekki sé gengið á þá auðlind sem öræfaauðnin, víðernin og fjölbreytt landslag er. Nefna má að Umhverfisstofnun hefur beint því til sveitarfélaga í gegnum rammaskipulag Suðrhálandisins að möguleiki væri á því að friðlýsa stærri svæði á Suðrhálandinu og t.d. tengja við friðland að Fjallabaki í þeim tilgangi að vernda enn frekar til framtíðar þau sérstöku svæði sem hálandi Íslands hefur að geyma. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan verður samþykkt þá væri eðlilegt að beina tillögunni í náttúruverndaráætlun eða sambærilega áætlun sem hefur það hlutverk að marka stefnu í náttúruvernd og friðlýsingarmálum á Íslandi.

Með þingsályktunartillögunni er ekki lögð til nánari útfærsla á mörkum miðhálandisþjóðgarðs umfram það að hann skuli ná yfir allt miðhálandi Íslands. Gera má ráð fyrir að þjóðgarðurinn muni þá ná yfir svæði sem eru friðlýst eða á náttúruminjaskrá, s.s. Þjórsárver, Guðlaugstungur, Kerlingarfjöll, Orravatnsrústir, Hveravelli o.s.frv. Með stofnun þjóðgarðs á svæðinu breytist áhersla friðlýsingar þeirra svæða sem nú eru þegar friðlýst þannig að meiri áhersla er lögð á félagslega náttúruvernd heldur en nú er gert. Sem dæmi má nefna að Þjórsárver eru nú flokkuð í flokki Ib í flokkunarkerfi IUCN. Í þeim flokki eru svæði sem eru venjulega stór svæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manningum og hafa haldið sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Innan svæða í flokki Ib er ekki varanleg eða umtalsverð búseta og verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra. Verði svæðið friðlýst sem þjóðgarður færast áherslan til þess að vera einkum til verndar vistkerfum og til útivistar fyrir almenning. Með þessum breytingum gæti álag á svæðinu aukist og það er alls óvíst hvort að svæði eins og Þjórsárver myndu þola það aukna álag ferðamanna. Umhverfisstofnun telur því rétt að kanna vel hvort að þjóðgarður sé heppilegasti flokkur friðlýsingar eða hvort unnin verði vönduð svæðisskipting sem tekur tillit til mismunandi þols svæða fyrir umferð hvers konar.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að stofnun þjóðgarðs kallar á uppbyggingu innviða á svæðinu og því þarf að tryggja fjármagn til uppbyggingar og reksturs svæðisins sem felur einnig í sér stýringu, t.d. ferðamanna, enda eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs að stuðla að útivist og náttúruupplifun.

Stofnunin telur því mikilvægt að ef stofnaður verður þjóðgarður sem felur í sér sameiningu annarra friðlýstra svæða, að þau svæði þjóðgarðsins sem falla í aðra verndarflokka verði skýrt afmörkuð og verndun þeirra skilgreind.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri

A. Björns Guð

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri